

Fundargerð 06.02.2023

Sameiginlegur fundur sóknarnefnda í Njarðvíkurprestakalli.
Fundurinn var auglýstur eins og ráð er gert fyrir.

Boðaðir voru allir sem sitja í stjórn sóknarnefnda sem og allir varamenn.

Mætt á fundinn eru :

Silja Dögg Gunnarsdóttir

Andrés Ari Ottósson

Brynja Vigdís Þorsteinsdóttir

Guðmundur Þ. Ingólfsson

Guðrún Pálsdóttir

Hafsteinn Ingibergsson

Jonína Hermannsdóttir

Guðrún Snæbjört Þóroddsdóttir

Soffía Helga Magnúsdóttir

Stefan Thordersen

Stefán Helgi Kristinsson

Stefán Már Gunnlaugsson

Dagskrá:

1. Umsögn um tillögu um sameiningu Njarðvíkur- og Ytri-Njarðvíkursókna.
2. Fjárhags- og rekstraráætlun Njarðvíkursókna fyrir janúar-maí 2023, framlögð af sóknarpresti.
3. Önnur mál.

Fundarstjóri : Guðmundur Ingólfsson

Ritari : Jónína Hermannsdóttir

Fundur settur : 18.00

Umsögn fundar um fyrsta lið, sameiningu Njarðvíkur og Ytri-Njarðvíkursókna:

Fyrir liggur tillaga um sameiningu sókna sem lögð var fram og viljayfirlýsing samþykkt af báðum sóknarnefndum 1.desember 2022.

Fundarmenn eru samhljóma um að sameining sókna verði til hagræðingar og einföldunar í rekstri sem og öllu utanumhaldi um rekstur. Fundarmenn eru sammála um að sameining muni koma til með að styrkja sóknina í þeim verkefnum sem framundan eru og þegar til framtíðar er horft.

Ekki hafa komið fram nein mótmæli eða athugasemdir sem mæla á móti sameiningu Njarðvíkur og Ytri-Njarvíkursókna.

Umsögn lesin upp á fundi og samþykkt af öllum fundarmönnum.

Afrit af umsögn fundar varðandi sameiningu skal sendast til Biskupsstofu.